



SAGA OBA

Otto B. Arnar sem einkafyrirtæki

og sem einkahlutafélag



Ottó B. Arnar

1. Kafli. Inngangur.

Árið 2019 fagnar Otto B. Arnar ehf eitt hundrað ára ára afmæli félagsins, en það er mjög merkilegur áfangi, enda ekki á hverjum degi sem félög á Íslandi ná þessum aldri. Það sem er enn merkilegra er að félagið er í eigu afkomenda stofnanda þess og starfa nú önnur og þriðja kynslóð hjá félaginu. Þetta eru því tímamót sem eigendur félagsins eru stoltir af, enda ekki leiðinlegt að vera meðal elstu félaga landsins. Mörg félög fagna afmælum eftir jafnvel aðeins fimm eða tíu ára rekstrarsögu.

Af þessu tilefni ákváðu eigendur fyrirtækisins að það væri við hæfi að líta aðeins yfir sögu félagsins og setja helstu atburði niður á blað og gefa út lítið rit í tilefni þessara merku tímamóta í sögu þess.

Árið 1919 markar mikil tímamót í sögu íslensku þjóðarinnar eftir að hún fékk fullveldi frá Danmörku fyrsta desember árið áður og því án efa mikill hugur í ungum og framsýnum mönnum á Íslandi og má sjá að nokkur af elstu einkafélögum landsins, á borð við Brynju verkfæraverslunina, Michelsen úrsmiði, Freyju sælgætisgerðina og Fataverslun Guðsteins Eyjólssonar, öll stofnuð um svipað leyti. Hefur því verið mikill hugur í mönnum sem hafa stofnað félög á þessum tíma, á borð við Ottó B. Arnar, stofnanda félagsins, en einnig mætti leiða að því líkum að mælst hafi verið til þess að menn gerðu það eftir að fullveldi fékkst og þjóðin var í minna mæli en áður undir erlenda aðila komin, enda er fullveldi og sjálfvald þjóða ein mikilvægasta eign þeirra.

Í sögunni verður fyrst stiklað nokkrum orðum á stofnandann, uppruna hans og æviskeið. Hverju hann afrekaði sem ungur maður og fram á miðjan aldur og fram til þess tíma er næsta kynslóð fór smám saman að taka við kyndlinum, en eftir fráfall hans verður sagan ekki eins persónuleg og ef ástæða þykir til síðar að framlengja söguna þá verður tækifæri þess sem þá skrifar að birta persónulegri lýsingar á afkomendum hans.

(Ábyrgðarmaður að þessari útgáfu er Birgir Arnar, sem skrifaði söguna, ásamt Snorra B. Arnar. Beðið er velvirðingar á hugsanlegum mál- eða stafsetningarvillum)

2. Kafli. Stofnandinn, Ottó B. Arnar.

Stofnandi fyrirtækisins, Ottó B. Arnar loftskýtafræðingur, var fæddur á Ísafirði 10. desember árið 1894 en foreldrar hans voru Björn Pálsson, ljósmyndari og verslunarstjóri, einn af fyrstu ljósmyndurum á Íslandi, fæddur á Kjarna í Eyjafirði og Kristín Snorradóttir, fædd á Siglufirði. Hafði



Fermingarmynd af Ottó

Ottó stutt að sækja í áhuga á verslun en eins og áður segir var Björn faðir hans verslunarstjóri á Ísafirði og föðurafi hans Páll Magnússon verslunarborgari á Akureyri, auk þess sem móðurafi hans Snorri Pálsson frá Möðruvöllum var verslunarstjóri á Siglufirði og alþingismaður Eyfirðinga við endurreisn þingsins 1874 til 1880. Auk þessa lögðu báðir yngri bræður Ottós fyrir sig verslunarrekstur, en alls komust fimm systkini af þrettán á legg.

Ottó Björnsson, eins og hann hét fyrst uns hann tók upp ættarnafnið Arnar, hóf störf hjá Landssíma Íslands, á símstöðinni á Ísafirði árið



Ottó ásamt syskinum sínum fjórum, Bernhard, Snorra, Kristínu og Rannveigu

1908, aðeins á fjórtanda ári og starfaði þar sem sendill uns hann fluttist suður og hóf störf á aðalskrifstofu Landssímans sem símritari aðeins sextán ára að aldri. Á unga aldri meðan hann vann á símstöðinni í heimabæ sínum tileinkaði hann sér ýmis mál er varðaði loftskýti og þeirri tækni sem þar bjó að baki og lærði m.a. símritun og þegar hann fluttist suður tók hann þátt í uppbyggingu símans m.a. með uppsetningu símstöðva og símalagna víðs vegar um landið. Hann var m.a. oft settur ritsímastjóri á Ísafirði, Siglufirði og Reykjavík, en 1914 var hann skipaður aðstoðarmaður Landssímastjórans á aðalskrifstofunni í Reykjavík. Hann sýndi starfi sínu mikinn áhuga sem sést meðal annars á því að árið 1915 hafði hann forgöngu um stofnun Félags íslenzkra símamanna, þá aðeins tvítugur að aldri. Var þetta fyrsta opinbera stafsman nafélagið á landinu og til þess var stofnað til að sinna kjarabaráttu starfsmanna Landsímans en einnig var tilgangurinn að breiða út þekkingu á síma- og loftskýtataekninni. Félagið hóf sama ár

útgáfu blaðsins Elektron sem síðar nefndist Símaþláðið og birtist þar mikið af greinum sem hann sjálfur skrifaði um nýjungar í heimi tækninnar. Hann stofnaði Loftskýtaskólans 1918 ásamt starfsfélag sínum Friðbirni Aðalsteinssyni, stöðvarstjóra Landssímans á Seyðisfirði og var fyrsti skólastjóri hans og hann samdi kennslubók í rafmagnsfræði fyrir loftskýtamenn. Áhugi hans á nýjungum í fjarskiptamálum varð m.a. til þess að hann hélt til Bandaríkjanna árið 1916 þar sem hann kynntist það nýjasta í fjarskiptum m.a. útvarpinu. Var honum boðið m.a. að dvelja á rannsóknarstofu dr. Lee de Forest, sem oft er nefndur „faðir útvarpstækninnar“, en hann fann meðal annars upp þriggja skauta lampann (triode) en með þessum lampa voru dyr útvarpsins opnaðar. Jókst áhugi Ottos á þessari nýju tækni enn meira við þetta og átti hún eftir að eiga hug hans allan á næstu árum. Í millitíðinni, þ.e. 1917, starfaði hann sem símritari á Ísafirði til 1918 og sagði eftir það upp starfi sínu hjá Landssímanum. Ritun greina um tæknimál voru honum eðlislæg og þegar Iðnfræðafélag Íslands ákvað að hefja útgáfu tímaritsins Stefni 1920 gerðist Ottó ritstjóri þess og var alla tíð uns hann keypti tímaritið af Iðnfræðafélaginu 1927 og gaf það síðan út sjálfur. Hann fór aftur til Bandaríkjanna og fylgdist með þegar þegar fyrstu útvarpssendingarnar voru sendar 1919 frá austurströndinni yfir til vesturstrandarinnar undir leiðsögn mentorsins síns. Hann var kallaður aftur til starfa hjá Landssímanum árin 1922 til 1924 og settur tímabundið í stöðu símaverkfræðings og bæjarsímstjóra, þar sem norskur símaverkfræðingur, sem ráðinn hafði verið hætti skyndilega og enginn annar var tiltækur á þeirri stundu í þessi störf, en að geta tekið þau að sér án þess að hafa menntun sem verkfræðingur sýnir hversu mikið traust var borið til hans og hversu hæfileikaríkur hann var. Ottó var mjög félagslyndur, hann stundaði fimleika og hlaup með Í.R., tók m.a. þátt í fyrsta víðavangshlaupi félagsins og kom annar í mark eftir Jóni Kaldal, sat um tíma í stjórn þess, en var einnig stjórnarmaður í Íþróttasambandi Reykjavíkur. Hann lék knatt-spyrnu með meistaraflokki Fram, en jafnframt stundaði hann önnur félagsstörf, var ásamt fleirum upphafsmaður um stofnun „Anglia“, félags enskumælandi manna, var síðar gerður að heiðursfélagi þess, gekk í „Alliance Francaise“ félag frönskumælandi manna og sat um tíma í stjórn þess, en tungumálin ensku, frönsku, þýsku og dönsku hafði hann numið af sjálfsdáðum meðan hann

gegndi sendlastarfinu í Ísafirði, talaði þau reiprennandi og það átti að gagnast honum þegar hann heimsótti lönd þessarar tungna. Fleiri félagsstörf gegndi hann um ævina, liðsinnti Rauða Krossi Íslands og sat m.a. í framkvæmdaráði félagsins í átta ár. Hann gekk í Frímúrararegluna á Íslandi, þ.e. fyrst í frímúrarastúkuna Eddu árið 1923 og gegndi síðast embætti stórritara í Landsstúku Frímúrarareglunnar og hafði þá hlotið æðsta stig Reglunnar. Eins og áður er getið var hann einn af stofnendum Félags ísl. símamanna og var gerður að heiðursfélaga þess þegar það fagnaði þrítugsafmælinu sínu. Ottó var ávallt mjög snyrtilegur til fara, eins og sjá má á myndum sem teknar hafa verið af honum gegnum tíðina. Hann var ekki hár vexti, um 166 cm á hæð, blá augu og ljósbrúnt hár framan af uns það tók að grána, nánast silfurgrátt á efri árum. Hann var heiðursmaður hinn mesti, hrókur alls fagnaðar, reykti stóra vindla eins og menn í viðskiptalífinu gerðu hér áður fyrr. Gekk ávallt með hatt á höfði og hann keypti yfirleitt fötin sín erlendis, eftirlætisstaður hans til fatakaupa var í Brüssel í Belgíu. Hann ferðaðist mikið, eins og áður segir fyrst til Bandaríkjanna en mest lágu leiðir hans til landa í Evrópu, Belgía hefur verið nefnt, en Danmörk, Svíþjóð, Bretland, Þýskaland og Ítalía eru lönd sem vitað er að hann fór til, hugsanlega til fleiri landa. Hann ferðaðist mikið sjóleiðina og hafði yndi af sjónum, en flugið heillaði hann ekki. Reyndar hafði hann flogið með vél Flugfélag Íslands árið 1929 sem loftskeytamaður, en ekki er vitað um aðrar flugferðir fyrr en í stríðslok 1945. Þá staddur í London sá breska flotamálaráðuneytið til þess að hann fengi „VIP“ skilríki og með þau fékk hann far með herflugvél á leið til Kanada og millilenti hún með hann í Reykjavík. Fas hans og framkoma öll bar merki heimsborgara, eins og einstaklingur nokkur hafði á orði að honum látnum. Ekki slæm eftirmæli að hafa um sig.




Utanlandsferðir til Danmerkur og
Bretlands strax að lokinni síðari
heimstyrjöld



Enn fleiri stimplar í vegabréfi frá
árinu 1945

3. Kafli. Upphaf félagsins.

Hinn 5. febrúar árið 1919 er talið formlegt upphaf félagsins en þá fær Ottó verslunarleyfi, sem á þeim tíma hét borgarabréf og sem veitti honum leyfi til verslunarreksturs, en talið er að hann hafi nokkru áður farið að stunda viðskipti þegar hann sagði lausu starfi sínu hjá Landssímanum á árinu 1918. Þetta leyfi hefur verið grundvöllur félagsins allar götur síðan og endurnýjun leyfisveitinga seinni tíma uns aflögð var skylda fyrirtækja að hafa verslunarleyfi.



Þetta er eflaust talið sjaldgæft skjal og eru ekki mörg slík frá þessum tíma enn til, enda ekki algengt á Íslandi að fyrirtæki nái þessum aldri og enn fremur sérstaklega sjaldgæft að þau haldist í eigu fjölskyldu stofnanda þess allan þennan tíma eða í hundrað ár.

Sjá má á skjalinu að upphaflegt aðsetur félagsins var á Laugavegi 79 þar sem Ottó bjó á þessum tíma, en það hús er ekki lengur til og hefur ekki verið um langt skeið og var þar sem nú er Barónsstígur, milli

Laugavegar 77 og Laugavegar 81, sem eru núna verslunarhúsnæði. Fyrirtækið hefur síðan haft aðsetur á mörgum stöðum í gegnum tíðina, ávallt í leiguhúsnæði uns það keypti núverandi húsnæði þess í Skipholti 17, Reykjavík.

Ekki er mikið vitað um fyrstu ár fyrirtækisins, hann virðist þó hafa haft hönd í bagga með einhver viðskipti upp úr 1916 áður en hann fékk formlegt verslunarleyfi, væntanlega þar sem hann hafði kynnst einhverjum framleiðendum í fyrstu ferð sinni vestur um haf. Hann er þá að auglýsa Corona ritvélar og Western Electric símataeki og væntanlega hafði hann eitthvert annað í pokahorninu, því að 1920 stofnar hann Verslunina Arnarstapa ásamt Snorra Arnar, bróður sínum og Páli Snorrasyni,

4. Kafli. Útvarpið.

Það er ekki unnt að komast hjá því að fara stuttlega yfir sögu útvarpsins, þar sem það var að mörgu leyti samtvinnað viðskiptasögu Ottós, alla veganna hlýtur fjármagnið sem fór í útvarpsreksturinn hafa að einhverju leyti komið frá viðskiptatekjunum, sérstaklega eftir að hann rak útvarpið á sitt eindæmi. Eins og áður hefur komið fram kynntist Ottó útvarps-tækninni í ferð sinni vestur árið 1916 og einnig aftur 1919 og var staðráðinn í að koma á útvarpi héraðs. Hann gerði fyrstu tilraunir með útvarpssendingarveturinn 1919 – 1920, honum hafði verið falið af ríkisstjórninni að setja fjarskiptabúnað í e/s Sterling í Danmörku og sigldi sjálfur heim með skipinu til Íslands. Úti fyrir Austurlandi sendi hann frá sér talboð og tónlist sem numin voru á símsstöðinni á Seyðisfirði af Þorsteini Gíslasyni loftskammtamanni, en á þessum tíma höfðu þó nokkrir Íslendingar eignast útvarpsviðtæki þar sem unnt var undir góðum skilyrðum að hlusta á útvarpssendingar BBC í Englandi. Eftir þetta var ekki aftur snúið. Næstu árin fóru í stofnum útvarps, sem hann kynnti sér enn betur, fór m.a. til BBC í Englandi og fékk að kynnast starfseminni þar. Hann fékk nokkra málsmetandi menn í lið með sér, þ.m.t. nokkra Alþingismenn. Ekki skal fjölyrt um þá baráttu sem átti sér stað en það fór svo að Alþingi veitti honum tímabundið leyfi til útvarpsreksturs. Fyrsta tilraunaútsendingin var 31. janúar 1926



Magnús Guðmundsson,
atvinnumála-ráðherra flytur ávarp
við upphaf formlegu útvarps

frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði, þar sem sjómannamesse var útvarpað, en alvöruútsending hófst 18. mars sama ár. Síðar á árinu átti hann síðan frumkvæði að stofnun Útvarps hf., og fékk í því skyni Lárus Jóhannesson, hæstaréttarlögmann og fleiri nafntogaða menn til liðs við sig um stofnun hlutafélagsins og stóð það undir rekstri útvarpsins fram á árið 1927, en lagði þá upp laupana vegna fjárskorts. Ottó rak síðan stöðina á eigin kostnað, m.a. með sölu á viðtækjum sem hann smíðaði sjálfur ásamt Snorra bróður sínum og öðrum tæknimönnum. Hann reyndi að fá Alþingi til að samþykkja lög um einkarekstur útvarpsins og heimild til að innheimta afnotagjöld. Fékkst það ekki í gegn og þess í stað setti Alþingi fram frumvarp um stofnun

Ríkisútvarps sem enn er við lýði og enn fremur lög um einkarétt á sölu útvarpstækja á landinu og var Viðtækjaverslun ríkisins stofnuð til að sjá um sölu viðtækja. Með þessu var í raun útvarpsstöðinni sjálfhætt enda ekki grundvöllur fyrir rekstri hennar í þessu umhverfi. Ottó hætti rekstri þess síðla árs 1927 en virðist samt hafa hafið útsendingar öðru hverju alveg fram á árið 1928, væntanlega þar sem Ríkisútvarpið átti ekki að hefja rekstur fyrr en 1930.

Eftir þessi vonbrigði þurfti Ottó skiljanlega að gefa þessa ástríðu sína upp á bátinn og hefur þá eflaust einbeitt sér í auknum mæli að félaginu og smám saman byggt það upp með fjölgun umboða og vaxandi umsvifum sem ekki síst voru samfylgjandi auknum umsvifum á landinu.



Hlutabréf í h/f Útvarp



Ottó er hér greinilega að tala í hljóðnemann í útvarpinu sínu

5. Kafli. Tímabilið 1930 til 1940.

Eftir að útvarpið lagðist niður fór Ottó alfarið að einbeita sér að viðskiptum, bæði með þær vörur, sem hann hafði byrjað með í upphafi, en í ferð til London þegar hann fór þangað með yfirverkfræðingi Landssímans í því skyni að aðstoða hann við kaup á útvarpsstöð fyrir Ríkisútvarpið, en hann var í ljósi reynslu sinnar með mikla sérþekkingu á þessu sviði, kynntist hann fyrirtæki þar, Addressograph Ltd, sem sérhæfði sig í gerð áritunarvéla. Þetta umboð átti eftir að verða drjúg tekjulind fyrir fyrirtækið næstu fimmtíu árin og seldust fjöldamargar áritunarvélar á þessu tímabili, bæði smáar og einfaldar en einnig afkastamiklar og með mikla sjálfvirkni. Notkunin byggðist á litlum málmplötum sem í voru þrykktir upphleyptir stafir í þar til gerðum vélum, nöfn manna og fyrirtækja, ásamt heimilis-fangi og jafnvel einnig tilheyrandi skráningarnúmer eða raðnúmer, en með prentborða í vélunum voru nöfnin prentuð á skjöl, dagblöð, tímarit o.fl. Skattstofan notaði þessar vélar til að árita framtalsblöð, dagblöðin voru flest með þetta, Lögbirtingablaðið, Stjórnartíðindi, Veðdeild Landsbanka Íslands, Gasstöðin, Rafmagnsveitur ríkisins og lengi mætti telja. Það var ekki fyrr en tölvurnar héldu innreið sína að þessi tæki lögðust af smám saman af hvert á fætur öðru. Á þessum árum var Meccano einnig mjög vinsælt hjá ungmennum, stofnaður var Meccano klúbbur, sem veitti verðlaun fyrir bestu eða snjöllustu smíðina, seldir voru Marconi dýptamælar í skip og báta, svo og talstöðvar frá Dansk Radio A/S í Danmörku, rafgeymar, skjalaskápar og reyndar vörur af ýmsum toga. Má þar nefna aðgöngumiðakassa eða hylki utan um rúllumiða, forprentaða, fyrir alls konar notkun, íþróttaviðburði m.a. Þessir miðakassar voru seldir alveg fram á níunda áratug síðustu aldar. Hann rak og viðgerðarverkstæði fyrir viðtæki, talstöðvar og dýptamæla, og um tíma var hann einnig með viðgerðir á nylonsokkum fyrir konur. Reyndar var það eiginkona hans sem stóð fyrir þessum rekstri fyrirtækisins. Það voru aðrir tímar þá, nylonsokkar voru sjaldgæf munaðarvara og því kærkomið fyrir margar konur að geta sent sokkana með lykkjuföllin sín í viðgerð. Voru starfsmenn nokkrir, sérstaklega í viðgerðunum, m.a. var hann með nema í útvarpsvirkjun, sem útskrifuðust hjá honum eftir að hafa lokið bóklegu námi í Iðnskólanum og stofnuðu síðar eigin verkstæði. Fyrirtækið var þá til húsa í Hafnarstræti 19, en líklega undir lok þessa áratugar mun Ottó hafa flutt

fyrirtæki sitt ásamt verkstæði á Klapparstíg 16 í Reykjavík. Þar var hann með stóra hæð og með mun betri aðstöðu en var í Hafnarstrætinu.

Í upphafi þessa áratugar festi Ottó ráð sitt með danskri stúlku, Karen Margrethe Hvidt, og eignaðist með henni eldri son sinn, Gústav Oscar í desember 1934. Undir lok þessa tímabils voru blikur á lofti í heimsmálum og viðskiptalífið endurspeglaðist að sumu leyti vegna óvissunar framundan.



Klapparstígur 16 í dag. Verkstæði Ottós var á 3. Hæð.

6. Kafli. Styrjaldarárin, aðstoð við herinn og efnahagsástandið.

Heimsstyrjöldin síðari olli mikilli óvissu í efnahagslífinu, viðskiptin við fyrirtæki á meginlandi Evrópu lögðust að mestu leyti niður, en Ottó átti eftir að hagnast á viðgerðum í erlendum skipum, sérstaklega í breskum herskipum, enda þótt þeir áttu að bjarga sér sem mest sjálfir, þá komu upp tilvik eða vandamál sem þeirra eigin liðsmenn réðu ekki við. Fyrir vikið kynntist hann mörgum sjóliðsforingjum, sem hann oft bauð heim til sín, vitandi að þeir voru fjarri heimilum sínum og fjölskyldum mánuðum saman. Þetta átti eftir að koma sér vel fyrir hann og stofna til nýrra sambanda. Eitt þeirra var félagið Sperry Gyroscope, sem var í senn bæði breskt og bandarískt. Einn af tæknilegum sjóliðsforingjum breska flotans hér við land hóf eftir lok stríðsins störf hjá þessu félagi og voru mikil samskipti þeirra á milli. Félag þetta framleiddi ýmis siglingatæki í skip, þ.m.t. radartæki, sem þá voru nýjung, tækni sem hafði orðið til í stríðinu. Sperry radartæki voru sett í mörg íslensk skip og einnig gyróáttavitar, sérstaklega eftir að stríðinu



Bjarni Jónsson, skipstjóri á m/s Tröllafossi rýnir í Sperry ratsjána

lauk og siglingar hófust á fullu að nýju og þar með smíði nýrra kaupskipa. En fleiri framleiðendur slíkra tækja komu til sögunnar og átti hann eftir að verða fyrir mikilli samkeppni, sérstaklega þar sem Sperry tækin voru af mörgum talin dýr, enda þótt þau væru án efa með þeim allra bestu. Ottó var einnig lánsamur að öðru leyti meðan stríðið stóð yfir því að Addressograph fyrirtækið var með móðurfélag í Bandaríkjunum, sem þá hét Addressograph-Multigraph Corporation og sem framleiddi ekki aðeins áritunarvélar heldur einnig litlar og meðalstórar offset prentvélar fyrir offset prentun, sem þá var nýjung í prentiðnaðinum. Ein slík var flutt inn notuð 1938 af þeim félögum Einari Þorgrímssyni og Guðmundi Jóhannssyni án aðkomu Ottós og var upphaf stofnunar Lithoprents sem var fyrsta offsetprentsmiðjan hér á landi. Á svipaðan hátt hafði Hrólfur í Offsetprent hf eignast aðeins minni vél nokkru síðar eða um 1945, einnig flutt inn notuð og dugði samt marga áratugi. Hróður þessara tveggja véla varð til þess að fleiri kaupendur urðu að slíkum vélum, sérstaklega eftir að offset prenturum fjölgaði, sérstaklega á 7. og 8.

áratug aldarinnar. Á eftirstríðsárunum var töluverður uppgangur hjá Ottó og hann sankaði að sér enn fleiri erlendum samböndum, sem gáfu honum auknar tekjur, greinilega svo miklar að hann keypti ameríska fólksbifreið af Dodge gerð, en seldi hana öðrum þegar honum bauðst gott tilboð sem ekki var unnt að hafna. Hann hafði milligöngu um sölu fyrstu umferðarljósanna sem sett voru upp á gatnamótum Austurstrætis og Pósthússtrætis 1949 svo og á gatnamótum Skólavörðustígur, Laugavegar Bankastrætis og Ingólfsstrætis, og seldust umferðarljós frá sama framleiðanda næstu þrjá áratugina uns þessi framleiðandi var seldur öðru erlendu fyrirtæki sem var með annan umboðsaðila á Íslandi. Á þessu ári eru því liðin 70 ár frá því fyrstu umferðarljósín voru tekin í notkun hérlendis. Sala á frímerkingavélum hófst um svipað leiti og áttu eftir að seljast vel eða á fimmta hundrað véla næstu fimmtíu árin. Póststofan í Reykjavík notaði stimpilvélar frá sama



Eldsta stimpilgjaldavélin, hjá
Sýslumanni
höfuðborgarsvæðisins

fyrirtæki til að yfirstimpla frímerkt bréf með öldulínunum og gildandi dagsetningu og í byrjun næsta áratugar hófst sala í stimpilvélum fyrir stimpilgjöld, en ein elsta vélin í þessum flokki er til sýnis í andyri Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu í Kópavogi. Á annað hundrað slíkra véla voru í heild seldar hér á landi og

voru gömlu stimpilgjaldamerkin þar af leiðandi aflögð þegar vélarnar tóku við hlutverki þeirra. Má ætla að mörg hundruð milljarða króna hafi runnið í gegnum allar þessar vélar meðan þær voru í notkun fram á þessa öld. Annað bandarískt fyrirtæki, Haloid Corporation, hafði byrjað framleiðslu á ljósritunarvélum, sem voru kallaðar „Xerox“ og urðu fljótt vinsælar vestra þar sem þær gátu ljósritað á venjulegan pappír og þar sem heitið Xerox festist í sessi sem sagnorð þannig var sagt að „xeroxa“ í stað að ljósrita, svo að nafni fyrirtækisins var breytt í Xerox Corporation. Hafði Ottó verið í sambandi við félagið þegar það hét gamla nafninu og fékk umboð til að flytja handvirkt tæki til Íslands, hið fyrsta sem seldist til Evrópulands, og var það selt til Pósts og síma til notkunar á teiknistofu þess og var í notkun í áraraðir. Mörg önnur slík tæki voru seld hingað síðar gegnum breska fyrirtækið sem hét Rank-Xerox og lauk notkun þeirra eftir því sem nútíma ljósritunarvélar komu til sögunnar og sem notuðu venjulegan pappír. Hins vegar var ekki leyft að flytja inn til landsins sjálfvirku Xerox ljósritunarvélnar, þar sem þær voru eingöngu leigðar til viðskiptavina og tollalög gerðu ekki ráð fyrir

slíkum viðskiptaaðferðum, auk þess sem tollar á ljósritunarvélum voru lengi vel um 50 af hundraði, svo og einnig af rekstrarvörunni. Enda þótt tollalögunum var breytt við inngöngu í EFTA, var erlendi framleiðandinn lengi vel ekki með vilja til að setja þessar margfrægu ljósritunarvélar á markað hér nema gegn afkostum, sem ekki var unnt að ganga að.

Um miðbik styrjaldarárana, nánar tiltekið í febrúar 1943, eignaðist Ottó svo yngri son sinn, Birgi, sem átti síðar eftir að reka fyrirtækið að föður sínum látnum.


7. Kafli. Árin 1950 fram til 1965.

Rekstri radíóverkstæðisins var hætt í apríl 1953 og það selt einum fyrsta nemanda Ottós í útvarpsvirkjun, Georgi Ámundasyni, sem eftir það annaðist lengi vel allar viðgerðir á rafeindabúnaði, sem Ottó seldi, þ.m.t. siglingatækjum og umferðarljósum. Eftir þetta starfaði Ottó einn við fyrirtækið nema hvað synir hans tveir aðstoðuðu hann eftir þörfum, fyrst Gústav, þegar hann var heima í fríi frá námi sínu í Edinborgarháskóla í Skotlandi, en mest Birgir, yngri sonur hans, sem stóð oft vaktina þegar faðir hans þurfti að fara utan til að sinna verslunarerindum erlendis og þurfti hann að annast alla þá vinnu sem var fólgin í innflutningi og afgreiðslu á vörum til viðskiptavina. Sumar vörur voru þyngri en aðrar, sérstaklega málmlöturnar, sem voru notaðar við áritunarvélarnar. Þar sem fyrirtækið var lengi á þriðju hæð á Klapparstíg 16, en engin lyfta var í húsinu, var stundum erfitt að bera þessar vörur upp stigana. Var þá brugðið á það ráð að Birgir hljóp niður á Tryggvagötu v/Kalkofnsveg þar sem var verkamannaskýli, en iðulega voru þar saman komnir verkamenn, sem vantaði vinnu og voru fegnir að fá nokkra tíma greidda, jafnvel þótt erfiðisvinna væri aðeins í boði. Á þessum árum, sérstaklega fyrsta ára-

tuginn var sala og innflutningur háður innflutnings- og gjaldeyrisleyfum. Þurfti nánast að sækja um leyfi fyrir hverja pantaða vöru, erlendur gjaldeyri var oft af skornum skammti, sérstaklega ef fiskveiðar höfðu brugðist, en þær voru aðaltekjulind þjóðarinnar í erlendum gjaldeyri, svo að undir slíkum kringumstæðum var oft mikið um gengisfellingar. Annar

útflutningur var mjög takmarkaður, einna helst voru tekjur af þjónustu við bandaríska varnarliðið sem var á Keflavíkurflugvelli. Fyrirtækið átti í nokkrum tilvikum viðskipti við varnarliðið, fyrst og fremst í rekstrarvörum fyrir áritunarvélarnar, sem þeir fluttu beint til sín frá birgðastöð hersins í Bandaríkjunum, en einstaka sinnum fékk Ottó greidd umboðslaun fyrir slíkar sölur, þ.e. ef framleiðandi þeirra vissi að þær væru að fara til setuliðsins á Íslandi. Það

breytti engu um jafnvel þótt að erlendu tekjurnar voru notaðar til að greiða fyrir vörur til innflutnings, það þurfti engu að síður að sækja um



ADDRESSOGRAPH
Model 1900

innflutningsleyfi. Innflutningur á tækjum og búnaði var af margvíslegum toga. Bæði á því sem sala hafði hafist á fyrir stríðið en einnig eftir stríðið og seldist enn í auknum mæli, einkum og sér í lagi áritunarvélarnar frá Addressograph sem voru langvinsælasta söluvaran, en tekjurnar af rekstrarvörunni fyrir þær voru mjög drjúgar. Frímerkingar- og

stimpilgjaldsvélarnar frá Universal Post Frankers seldust í tugatali, en 1960 keypti bandaríska fyrirtækið Pitney Bowes þetta fyrirtæki alfarið eftir samvinnu þeirra í milli í mörg ár, enda var það með sams konar framleiðslu fyrir Ameríku-markaðinn, auk þess að framleiða vélar til að brjóta bréf og setja inn í umslög, en slíkar vélar áttu eftir að hasla sér völl hérlandis tuttugu og fimm árum síðar. Ottó seldi enn beint eða hafði milligöngu um sölu á



U.P.F. frímekjavél, fyrst á
Íslandi 1947

ýmsum siglingatækjum og fjarskiptabúnaði, m.a. í varðskipið Óðinn 1959, hann seldi olíumæla í olíubifreiðar og til að hafa við hafnirnar til að mæla magn olíu sem var dæld í skipin af olíufélögunum, margvíslegar rekstrarvörur fyrir prentsmiðjur, innbindivélar fyrir plastgorma að ógleymdu mikið af varahlutum í allan þennan vélbúnað og tæki, meira að segja Meccano leikföngin, sem var byrjað að selja um 1920 var enn selt til smákaupmanna og einstaklinga. Ottó var með umboð fyrir fjöldamörg fyrirtæki á þessum tíma og má sjá í pöntunarbókum þess tíma að viðskipti við þessi fyrirtæki voru af margvíslegum toga, í meira eða minna mæli. Eitt þessara erlendu fyrirtækja, George Kent Ltd., framleiddi bæði olíu- og vatnsmæla, en önnur ólík framleiðsla þeirra seldist hér í tugatali eða jafnvel í hundraðatali, en það voru svonefndir hverfigluggar í skip og báta. Til nánari útskýringar voru þetta rafknúnar, hringlaga gluggar, sem var komið fyrir í stærri gluggum í stjórnbrú skipanna, þannig að útsýnið var aldrei heft vegna sjógangs, rigningu eða slyddu. Oft voru tveir gluggar í brúnni á hverju skipi.

8. Kafli. Birgir sonur Ottós hefur störf hjá fyrirtækinu.

Árið 1964 hóf Birgir formlega að starfa að fullu hjá fyrirtækinu eftir að hafa verið margsinnis innanbúðar undanfarin ár meðan hann var við nám á unglingsárunum, en hann hætti námi í viðskiptafræði við Háskóla Íslands þar sem faðir hans var kominn á efri ár og átti fullt í fangi með störf sín á þessum tíma auk veikinda sem hrjáðu hann á þessum tíma. Síðar átti hann eftir að taka við starfi föður síns að honum látnum. Eins og áður segir hafði Birgir aðstoðað föður sinn á árunum áður og var vel kunnugt um gang fyrirtækisins og þau umboð sem það hafði. Sumar vörutegundir, sérstaklega þær sem lytu að prentiðnaðinum, eins og t.a.m. smáoffset prentvélar, höfðu verið vanræktar síðustu árin og það kom því hlut Birgis að annast söluherferð á þeim. Eitt fyrsta verkefni hans var að heimsækja verksmiðjur Addressograph-Multigraph í Englandi til að læra notkun þessara véla og helstu stillingar. Í sömu ferð lagði hann einnig leið sína til höfuðstöðva Rank Xerox í því skyni að reyna að fá samning um að mega fá að flytja inn sjálfvirku ljósritunarvélar þeirra, en það var ekki auðsótt, þar sem þær voru eingöngu leigðar notendum og slíkt var ekki til að dreifa á þessum tíma skv. íslenskum tollalögum, eins og áður hefur komið fram. Fleiri fyrirtæki voru heimsótt í þessari ferð, en Birgir var þá rétt rúmlega 21 árs að aldri. Hófst



Automax frímerkingar-vél frá Pitney Bowes

nú nýr kafli í sögu félagsins þar sem Birgir aðstoðaði föður sinn við margvíslegar sölur og afgreiðslu á vörum til viðskiptavina. Fyrirtækið tók þátt í sýningu á skrifstofuvélum en hún var haldin í húsnæði Verslunarskólans v/Grundarstíg. Þar voru sýndar nokkrar vélar, svo sem Pitney Bowes frímerkingarvél, en einnig var sýnd lítil offset prentvél, Multilith Model 55. Það kom kippur í sölu á offset vélum, jafnt í

prentsmiðjur og til fyrirtækja og

stofnanna, sem voru með sérstakar fjölritunardeildir. Prentstofa Landsbanka Íslands var ein slík, sem var búin margs konar prentbúnaði frá fyrirtækinu. Salan á frímerkingar- og stimpilgjaldvélum óx jafn og þétt,



Multilith gerð 1250 offser vél

varð nánast bylting í sölu þeirra. Ottó sá áfram um söluna á meiri háttar búnaði, t.a.m. þegar íslenska sjónvarpið hóf starfsemi seldi hann þeim

Ampex myndbandsupptökutæki og í kjölfarið myndbandspólur fyrir þau. Hann reyndi mikið að selja þeim önnur tæki, en samkeppnin var hörð, auk þess sem sjónvarpið notaðist við í upphafi að einhverju leyti lánsvélar eða keypti notaðar vélar. Um miðbik áratugarins var breytt úr vinstri yfir í hægri umferð og við það voru seld umferðarljós á fjölmörg gatnamót, ein mesta sala umferðarljósa í einu fram að þessu. Kaup á ljósum voru ávallt boðin út, en fyrrirtækið var ávallt með besta verðið miðað við gæði og reynslu. Undir lok þessa áratugs og í byrjun þess næsta voru einnig seld Sperry siglingatæki, þ.e. radartæki, gyróáttavitar, sjálfstýritæki o.fl. í varðskipin Þór, Ægi Óðinn og Tý, öll voru búin bestu tækjum sem völ var á um þessar mundir. Önnur vara einkennandi fyrir þennan áratug voru olíumælar, sérstaklega af gerðinni „Brodie Bi-Rotor“ þeir voru mest notaðir af olíufélögunum í olíubílana sem dreifðu olíu á heimatönkum húsa, en mörg hús voru enn kynnt með olíu, en eftir því sem fleiri hús fengu lagða hitaveituvatn inn í þau minnkaði salan á þessum mælum smám saman. Ottó hafði í mörg ár reynt að selja framkvæmdastjóra símaskrárinnar, sem þá var gefin út af Bæjarsímanum, nýjung sem var fólgin í nokkurs konar rafmagnsritvélum með mismunafærslu eftir breidd hvers stafs, svipað og gerðist í blýsetningunni, en leturstafirnar voru á hálfhringlaga álplötu, sem unnt var að fá með mismunandi leturgerðum og skipta um í vélinni eftir þörfum, en greiða þurfti sérstaklega fyrir að fá íslensku sérbókstafina setta í letrín. Þessar vélar voru framleiddar af bandaríska fyrirtækinu Varsityper, sem áður hét Ralph



Varsityper ritvél

Coxhead Corporation en Ottó áskotnaðist umboðið fyrir það um 1950 og seldi nokkrar slíkar ritvélar árin eftir, aðallega í prentsmiðjur, sem voru búnar að tileinka sér offsetprenttæknina, en þessar vélar voru hentugar fyrir setningu texta fyrir myndatöku á offsetplötur. Nýjungin sem Ottó kynnti Bæjarsímanum var fólgin í þessum vélum, sem skrifuðu hverja einstaka línu í símaskránni á nokkurs konar gataspjöld, en þau voru síðan sett í fortalin í vél sem myndaði hverja línu á kortunum og raðaði upp á heila filmuörk, sem prentplatan var gerð eftir. Þetta var rándýrt tæki og svo fór að síminn keypti nokkrar ritvélar af þessari gerð en samdi við Prentsmiðjuna Odda um að kaupa þetta tæki, „Fotolist“ hjá fyrirtækinu, þar sem með því

gat Oddi offsetprentað símaskrána og látið af blý-setningunni, sem notuð hafði verið fram að þessu og hafði reynst mjög kostnaðarsöm vegna örra breytinga á símanúmerum og handhöfum þeirra. Þessi tækni var notuð um árabíl uns ný tækni fólgin í ljóssetningarvélum kom til sögunnar. Þegar þessi áratugur er skoðaður í skjölum sem varðveist hafa, má glögglega sjá breytingu í hreyfingu á söluvarningi, en samt eru mörg gömlu umboðanna enn virk, t.a.m. seldust Addressograph áritunarvélarnar sem aldrei fyrr og undir lok áratugarins bættist við búnaður til að þrykkja letur í plastkort eins og þekkt eru í dag sem greiðslukort. Í framhaldinu tóku öll olúfélögin upp notkun viðskiptamannakorta sem fyrirtækið lét forprenta erlendis með nafni og merki hvers olúfélags og voru nöfn og númer bifreiða þeirra, sem höfðu



„Strauvél“ svipuð og sú sem olúfélögin notuðu.

viðskiptareikning hjá hverju olúfélagi, hvort sem væri einstaklingur eða fyrirtæki, greytt með upphleyptum stöfum í kortin með þar til gerðum stafaprykkivélum en




Graphotype 350 stafaprykkivél

kortaprentvélar eða svonefndar „strauvélar“ frá fyrirtækinu voru á hverri bensínafgreiðslustöð til að þrykkja nafn viðskiptavinarins á úttektarnótuna. Undir lok áratugarins var samið við fyrirtækið Iðntækni að annast þjónustu á ýmsum rafeindabúnaði, þ.m.t. siglingatækjunum, en nokkru áður höfðu viðgerðir og viðhaldsþjónusta á umferðarljósunum færst yfir til tæknideildar umferðardeildar Borgarverkfræðingsins í Reykjavík.



9. Kafli. Alþjóðlega vörusýningin og fráfali stofnandans.

Eftir blómlegan liðinn áratug hjá fyrirtækinu var komið að næsta áratug. Í bígerð var mikil vörusýning sem halda átti 1971 í Laugardalshöllinni og nefndist Alþjóða vörusýningin og var fyrirtækinu boðið að taka þátt í sýningunni. Þáttökukostnaður var mjög hár, Ottó var tregur til að taka þátt, en lét samt til leiðast með því skilyrði að sonur hans, Birgir, sæi um öflun fjár til verkefnisins. Var að ráði að þeir fóru saman á fund aðalbankastjóra viðskiptabanka fyrirtækisins og var Birgi falið að standa fyrir máli þess og rökstyðja kostnað og hvernig lánið yrði greitt til baka. Fór svo að lánveiting fékkst og nú var ekki aftur snúið. Undirbúningur fór í gang með skipulagningu og öflun tækja sem átti að sýna. Einnig voru samin og gerð auglýsingaskilti. Sýningarflötur fyrirtækisins var ekki mjög stór en nógu stór samt til að koma fyrir lítlum „Multilith“ offset fjölrítara, svo og öðrum mun stærri og sjálfvirkari sömu tegundar, ásamt offset-plötugerðartæki frá sama framleiðanda, einnig „Addressograph“ áritunar- og leturmótunarvél fyrir plastkort, ýmsum mælitækjum og rennslis-mælum frá „George Kent“, „GBC“ gormainnbindingarvél fyrir plastgorma svo og plöstudunarvél, en það sem vakti einna mest athygli var „Sperry“ gýróattaviti og radartæki með loftneti, sem sett var upp á súlu fyrir ofan sýningarsvæði OBA og snerist þar svo að unnt var að lesa svæðið á radarskjánum. Þetta var án efa mikil kynning fyrir fyrirtækið og lögðu fjölmargir leið sína í sýningarsvæði þess og spurðust mikið fyrir um það sem verið var að sýna og kynna. Hér undir er nokkrar myndir frá þessari sýningu og þarfnast ekki frekari skýringa.



Um jafndægur á vori 1972 veiktist Ottó af slæmu kvefi, sem leiddi af sér berkjabólgu og lagðist hann á sæng, nokkuð máttfarinn, en ekki meira en hann hafði áður verið við svipaðar kringumstæður. Áður en hann veiktist hafði verið ákveðið að Birgir færi á umboðsmannafund hjá Sperry fyrirtækinu, en halda átti hann í Danmörku. Ferðin var skipulögð með það í huga, að Birgir millilenti og dvaldi nokkra daga í London til að ræða við nokkur viðskiptasambönd þar og héldi þaðan til Danmörku, en nýkominn til London barst honum símskeyti og síðan hringingu um að snúa tafarlaust til baka með fyrsta flug, en þau voru þá ekki nema eitt á dag í mesta lagi. Faðir hans, Ottó, hafði látist heima hjá sér aðfaranótt 9. apríl á sjötugastaogáttunda ári sínu vegna hjartaáfalls í kjölfar lungnabólgu, en hann hafði verið veill fyrir hjarta í allmörg ár. Þarna lauk lífsferill þessa brautryðjanda á svo mörgum sviðum og sem hafði átt starfsferil alveg frá fjórtan ára aldri eða yfir sextíu ár, en hann var enn starfandi í fyrirtækinu þegar hann lést. Birgir tók nú við fyrirtækinu í umboði móður sinnar, ekkju Ottós, en það var í fyrstu rekið sem dánarbú uns það fékk eigið nafnnúmer. Á þessum árum var fyrirtækið til húsa á 3. hæð í Hamarshúsinu v/Tryggvagötu og var þar áfram í nokkur ár í rúmgóðu húsnæði, en um miðbik áratugarins þurfti leigjandinn að fá það til eigin afnota og flutti fyrirtækið þá á Hverfisgötu 57, en þar hafði verið einbýlishús til margra ára. Þarna var fyrirtækið í allmörg ár en flutti síðan aðsetur sitt í Bolholt 6.



Ottó kringum sjötugt

10. Kafli. Hverfisgötuárin.

Eftir því sem vélum fjölgaði var aukinn eftirspurn eftir viðgerðarþjónustu og 1973 réð Birgir mann til starfa til að sinna almennum skrifstofutækja-viðgerðum, ásamt viðgerðum á offset vélunum, en fram að þessu í allmörg ár hafði þessi þjónusta farið fram hjá sjálfstæðum verktaka. Um þessar mundir keyptu Ríkisspítalar Addressograph vélar, bæði leturmótunarvél fyrir plastkort ásamt þrykkivélar fyrir allar deildir spítalans og fengu innlagðir sjúklingar nafn sitt á plastkort, sem síðan var notað til að árita allar rannsóknarbeiðnir og önnur gögn varðandi hina sömu og tóku nokkrir aðrir spítalar upp sama kerfi með fábrottnari tækjakosti en Ríkisspítalarnir og var þetta kerfi við lýði í mörg ár uns tölvuvæðingin og límmiðaprentun leysti þetta kerfi af hólmi. Um miðjan áratuginn komu til sögunnar ný gerð ljóssetningavéla hjá Varityper fyrirtækinu, og nefndust „CompSet“ og ollu



Varityper CompSet gerð 500
ljóssetningavél

þær byltingu í setningu og voru fyrstu vélarnar sem íslenskar prentsmiðjur tileinkuðu sér í þessari tækni, en fljótlega komu einnig aðrar sambærilegar vélar á markaðinn og því mikil samkeppni við þær. Seldust á þriðja tug þessara ljóssetningavéla mest í prentsmiðjur, ein slík for norður til Offsetstofunnar á Akureyri hjá Hilmar

Magnússyni, en hann hafði þann hæfileika að kunna grísku. Gerði hann sér lítið fyrir og samdi grísk-íslenska orðabók, en til þessa notaði hann þessa ljóssetningavél sem hafði eiginleika til að geta notað diskka með bæði íslensku og grísku lettri. Það var skilyrði af hendi Varityper framleiðandans að til að fá þessar vélar í sölu á Íslandi þurfti fyrirtækið að senda tæknimann utan til að læra viðhald þeirra. Ráðinn var tæknifræðingur sem sendur var í þetta verkefni, en laun hans skyldu að mestu byggjast á tekjum af þjónustunni í viðhaldi þessara tækja, en þau reyndust hins vegar ekkert bilunargjörn eða mjög lítið. Birgir boðaði eigendur prentfyrirtækjanna sem höfðu keypt þessar vélar til fundar í húsakynnum Félags prentiðnaðarins og lagði þar til að þeir gengjust undir að gera árlegan þjónustusamning um viðhald vélanna svo að unnt yrði að hafa þennan dýra tæknifræðing áfram í vinnu hjá fyrirtækinu. Þetta höfðu þessir aðilar ekki kynnst áður, þjónustusamningur, og furðuðu sig á þessu fyrirkomulagi þegar Birgir var að

reyna að selja þeim hann sem nú á tímum þykir sjálfsagt og skynsamlegt, sérstaklega varðandi stærri vélbúnað, svona fyrirbyggjandi viðhald. Fór svo að þessi prentfyrirtæki sáu sér ekki hag í að gera slíkan samning og neyddist Birgir til að segja tæknifræðingnum upp störfum, enda var hann ekki reiðubúinn að taka að sér önnur verkefni fyrir fyrirtækið. 1977 samdi fyrirtækið við skriftvélavirkjameistarann, Pétur Árna Óskarsson, sem sjálfstæðan verktaka, um að annast sem allar viðgerðir á prent- og skrifstofuvélum fyrir það og hefur hann verið innanbúðar allar götur síðan þá. Einn athyglisverður þáttur í sölu hófst seinni hluta áttunda áratugarins þegar samið var um sölu á plöstunarvélum og plasti til að plasta ökuskírteini landsmanna. Nánast öll sýslumanns- eða lögregluembættin fengu litla plöstunarvél og félagið útvegaði plastið, fyrst alveg gegnsætt en síðar með áprentuðu íslensku skjaldarmerkinu í sjálfu plastinu. Hélt þessi sala í mörg ár uns öku-skírteinin voru gefin út á plastkortum. Nokkrum árum áður hafði Hagstofa Íslands fengið fullkomna rúlluplöstunarvél fyrir útgáfu nafnskírteinnanna, sem voru þá aðalskilríki landsmanna fyrir utan vegabréfin, sem fæstir báru á sér. Ein nýjung hjá fyrirtækinu voru upptökutæki fyrir símtöl eða tilkynningar símleiðis en tækin skráðu þau með tíma- og dagsetning þannig að unnt var að rekja símtalið og hlusta á það aftur til að fá rétta tímasetningu samtalsins. Slík tæki voru seld slökkviliðum, þ.a.m. Slökkviliði Reykjavíkur. Nokkrar stofnanir keyptu slík tæki, svo sem Seðlabanki Íslands, Veðurstofa Íslands en þar var það notað í tengslum við viðvaranir vegna snjóflóða. Viðskipti þessi lögðust af fljótlega eftir aldamótin þegar erlenda fyrirtækið var selt samkeppnisaðila, sem hafði þegar annan umboðsaðila hérlandis. Annað, sem fyrirtækið hafði ekki áður verið með í sölu voru stimpilklukkur. Því áskotnaðist umboð fyrir klukkur frá bandarísku fyrirtæki og sem það hefur haft alveg fram á þennan dag. Í fyrstu voru þetta



Acroprint gerð 420
stimpilklukka

mjög einfaldar rafdrifnar klukkur sem stimpluðu tímann á pappaspjöld en smám saman kom framleiðandinn með betri og fullkomnari klukkur og seldust fjöldamargar á tímabili, t.a.m. voru um 30 klukkur settar upp á vegum Íþróttá- og tómstundaráðs Reykjavíkur mest í félags- og tómstundamiðstöðvum. Minnistæð er ein uppsetning sem var gerð í einni deild þar sem aðeins einn maður starfaði sem deildarstjóri. Hann var ekki ánægður með að þurfa að lúta

lögmálum stimpilklukkunar en kvörtun hans bar engan árangur. Rafræn þróun átti sér stað í þessum geira eins og öðrum og eftir því sem þær urðu fullkomnari og gátu meira þeim mun flóknari fannst mörgum sem keyptu slíkar og þurfti oft á mikilli aðstoð að halda. Þrátt fyrir þessa rafrænu þróun seljast enn stimpilklukkur sen notast við pappaspjöld til að stimpla vinnutíma starfsmanna. Ónefndur veitingastaður í Reykjavík hafði notast við pappaspjaldaklukku í mörg ár en þegar hún bilaði af elli var staðurinn talinn á að fá sér fullkomna rafræna stimpilklukku sem myndi halda rafrænt utan um vinnutíma starfsfólks. En, nei, gamli vaninn var yfirsterkari og nýju klukkunni var skilað og keypt ný pappakortastimpilklukka og reiknivél áfram notuð til að reikna saman vinnutímana.

Annars voru á þessum tíma nokkrir starfsmenn hjá félaginu og naut það velgengni á þessum árum, en eins og gefur að skilja ganga svona gömul fyrirtæki skiljanlega í gegnum hæðir og lægðir. Árið 1984 festi Reiknistofa bankanna kaup á stórri umslagapökkunarvél af Pitney Bowes gerð, vél sem gat raðað saman mismunandi fjölda skjala, brotið þau saman í tvíbroti og stungið inn í umslag og síðan lokað því, enda voru umslögin þá með lími sem síðan var vatnsbórið. Þessi vél reyndist mjög vel og varð þessi sala og þjónusta fyrirtækisins til þess að fleiri



PB Insertamax 3144, sams konar vél og Reiknistofa bankanna notaði

slíkar vélar og fullkomnari en sú fyrsta voru seldar til Reiknistofu bankanna næstu áratugina og þegar mest lét voru yfir 10 milljón umslagaísetninga á ári. Önnur endurbætt umslagapökkunarvél var seld til Víkingsprents, sem síðar varð að Umslagi ehf. Síðstu tvö ár áratugarins gekk einhver lægð yfir viðskiptin, eins og kemur fram í næsta kafla, fyrirtækið hafði flutt í annað húsnæði, nú í Skipholt 9 og var þar á annarri hæð. Húsnæðið var ekki sérstaklega hentugt og erfitt að koma þungum vörusendingum upp þröngar tröppur. Aðeins einn starfsmaður var þá að störfum, auk viðgerðarmanns, og þar af leiðandi töluvert álag á báða.

11. Kafli. Erfiðleikar um 1990 og nýr hluthafi.

Síðari hluta níunda áratugarins var aflasamdráttur í fiskveiðum við Ísland sem hafði miklar afleiðingar á efnahagslíf héraðsins, en á þessum tíma var fiskur allt að 60 – 70 % af útflutningstekjum landsmanna. Fyrir vikið hægði á hjólum atvinnulífsins vegna minnkandi umsvifa enda ljóst að minnkandi sala á aðalútflutningsvöru þjóðarinnar hafði áhrif á efnahag margra. Hafði þetta auðvitað áhrif á rekstur Otto B. Arnar eins og annarra félaga á þessum tíma en auk þess bættist við að skipta þurfti félaginu eftir fráfalið ekkju stofnandans og keypti Birgir því hlut bróður síns í félaginu, enda var hann í góðri stöðu sem yfirverkfræðingur hjá Pósti og síma og bar ekki hug til þess að söðla um.

Í kjölfar efnahagserfiðleikanna á þessum tímabili gekk rekstur félagsins mjög erfiðlega og var viðskiptabanki þess á þessum tíma tregur til að veita aðstoð, annað en nú er og hugsar fólk oft ekki út í þennan vinkel þegar fundið er að einkavæðingu bankanna að nú eru þeir oftast reknir með viðskiptasjónarmiði að leiðarljósi en ekki samkvæmt duttlungum flokks-gæðinga eða annarra óskiljanlegra sjónarmiða. Var því gengið hart að Birgi núverandi eiganda og rekstraraðila félagsins að selja eignir sínar til að standa undir skuldum félagsins við bankann.

Var ekki komist hjá því á þessum tímapunkti að taka einhvern meðeiganda með fjármagn inn í félagið og úr varð að Birgir leitaðist við að tala við aðila sem sáu um miðlun af þessu tagi og hafði því samband við fyrirtæki sem sérhæfa sig í slíku. Endaði það með því að aðili sem hafði hug á að kaupa sig inn í rekstrarfélag fannst og var byrjað að ræða við hann. Keypti hann sig síðan inn í félagið í framhaldinu.

Byrjaði samstarf Birgis og nýja meðeigandans með ágætum skilningi og jafnvægi og hlutverkaskiptin voru þau að hann átti að sjá um bókhaldið og fjármálin, en Birgir um sölu- og tæknimálin. Einnig var skipt um aðsetur og flutti fyrirtækið sig um set í Skipholt 33, þar sem vinnuaðstaða var mun betri en á fyrri staðnum. Brátt fór hins vegar að bera á undarlegri framkomu nýja meðeigandans eins og varðandi það að hann reyndi að halda Birgi utan við fjármál félagsins eins og kostur var og kom reyndar síðar í ljós að hann ætlaði sér að ná tökum á fyrirtækinu og yfirtaka það, og sést m.a. af því að hann stofnaði annað fyrirtæki með nýrri kennitölu á þessum tíma. Þegar upp

var staðið hafði hann hins vegar ekki nógu mikla tilburði til að annast sjálfur sölu- og tæknimálin svo að hann lét um kyrrt liggja. Það er skemmst frá því að segja að árið 1991 keypti Reiknistofa bankanna aðra



Datacard DC9000 kortavél

umslagapökkunarvél af Pitney Bowes gerð og árið 1993 keypti sami aðili fullkomna Datacard kortagerðarvél sem þá var talin ein sú fullkomnasta í Evrópu hingað til og um leið fór fram sala á fyrstu debetkortum bankanna en þau

voru með mynd aftan á kortunum en það var

nýlunda um þessar mundir. Birgir hafði þegar árið 1988 náð til sín söluna á bankakortum, bæði svonefndum tékkaábyrgðarkortum en einnig árinu eftir á Visa kreditkortum og annaðist sölu á kreditkortum til bankanna næstu fimmtán til tuttugu árin, uns kortin með örgjörva komu til sögunnar. Nokkrar mikilvægar sölur voru á offset prentvélunum, svo og öðrum tækjum til fyrirtækja í prentiðnaði. Virtist fyrirtækið dafna vel en annað átti eftir að koma í ljós. Fljótlega ágerðist vandamálið með meðeigandann og komu upp ýmis atvik sem gerðu samstarfið erfitt, eins og til dæmis eitt skipti þegar Birgir kom heim erlendis frá, þá hafði meðeigandinn tekið sig til og hent fullt af skjölum í eigu félagsins og vörðuðu sögu þess. Ágerðust þessi mál á næstu misserum og var ástandið orðið þannig að óbærilegt var að vinna við þetta, miklar ósættir um meðferð mála og gagnrýni á fjármálastjórnina einatt vísað á bug. Töluverð starfsmannavelta var hjá fyrirtækinu, starfsmenn ósáttir við kjör sín og samskipti við stjórnanda fjármála og leituðu oftast eftir öðru starfi. Upp úr sauð þegar þeir fengu laun greidd um áramót með innistæðulausum ávísunum. Í byrjun árs 1995, þegar þessi mál komust í háamæli, var því ákveðið að slíta samstarfinu, fara hver sína leið á helmingaskiptum en þegar á reyndi vildu sumir erlendu samstarfsaðilarnir ekki starfa með honum og því urðu skiptin ójöfn og Birgir þurfti því að taka á sig meginþorra skulda félagsins. Við uppgjör hafði komið í ljós mikil óreiða á bókhaldi fyrirtækisins, skuldir við erlend félög, lífeyrissjóð o.fl. Reynist þessi biti næstum óyfirtíganlegur en vegna ágætrar sölu næstu tvö árin var unnið bug á þessum skuldum sem teknar voru yfir í kjölfar slitanna.

12. Kafli. Einkahlutafélag og ný kennitala 1995.

Snorri kemur til starfa hjá fyrirtækinu.

Vorið 1995 var Otto B. Arnar stofnað sem einkahlutafélag, sbr. lög um einkahlutafélag en þau höfðu nýlega tekið gildi og urðu Birgir, kona hans og synir hluthafar fyrirtækisins. Í framhaldi af þessu útvegaði félagið sér leiguhúsnæði að Ármúla 29, hjá félaginu Þ.Borgrímssyni og Co. Var félagið í framhaldinu þar næstu 10 árin í um það bil 100 fm rými en neyddist síðan til að stækka við sig vegna aukinna umsvifa. Árin í Ármúla voru þó að mestu leyti góð, félagið var með nokkra starfsmenn, bæði í sölu og ritara- og bókhaldsstörfum, tveir skriftvélavirkjar í þjónustunni, enda ekki vanþörf á. Árið 1996 festi Reiknistofa bankanna kaup á nýrri umslagapökkunarvél af Pitney Bowes gerð, og 1998 og næstu árin á eftir voru seldar mjög fullkomnar póststimpilvélar til Íslandspósts, sem þá hafði nýlega verið stofnað, en þessar vélar vigtuðu bréfin og taldi fjölda þeirra eftir þyngdarflokkun póstsins. Ennfremur jókst sala á frímerkingarvélum sem aldrei fyrr og sama segir um stimpilgjaldavélar, nú af nýrri rafrænni gerð. Sama má segja um stimpilklukkurnar frá Acroprint. Það var mikil vakning í notkun þeirra þessi ár og salan eftir því. Salan á bankakortum jókst jafnt og þétt og má nefna um árabíl voru gefin út allt að fjögur hundruð þúsund ný kort á ári, en af þeim voru minnst sjötíu af hundraði kort sem fyrirtækið hafði selt bönkunum. Árið eftir stofnun einkahlutafélagsins eða í september árið 1996 hóf síðan yngri sonur Birgis, Snorri, yngsta barnabarn Ottos, störf hjá félaginu, en hann var þá 22 ára að aldri. Byrjaði hann sem aðstoðarmaður en fór fljótlega að starfa sem sölufulltrúi og síðan sölustjóri. Síðar varð hann skrifstofustjóri félagsins en sinnir engu að síður aðallega sölustörfum hjá félaginu. Núna er hann stjórnarformaður félagsins. Samhliða vinnunni stundaði Snorri nám í Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri og er hann viðskiptafræðingur með meistaragráður í bæði ensku og alþjóða samskiptum.



Paragon stimpilvél frá Pitney Bowes, Íslandspóstut notaði þær í mörg ár.

13. Kafli. Aldamótin og árin eftir.

Um aldamótin var talsvert að gera hjá félaginu og var ákveðin uppgangur í þjóðfélaginu. Margt skemmtilegt gerðist á þessum tíma og er eftirminnilegt hve miklar áhyggjur tengdust aldamótunum þar sem svartsýnustu spár gerðu jafnvel ráð fyrir að mikið af tölvubúnaði í heiminum myndi hrynja við aldamót. Hafði þetta meðal annars þau áhrif að farið var að merkja eitthvað af búnaði með fullvissu um að hann myndi ekki hrynja um aldamótin eða svokallað Y2KOK. Árið 2001 keypti Íslandspóstur stóra bréfaflokkunarvél framleidda af Pitney Bowes fyrirtækinu í Bandaríkjunum, hin fyrsta sinnar tegundar hérlandis og olli hún byltingu í meðferð bréfa, þar sem hún las áritunina utan á umslögunum og flokkaði í hólfa eftir póstnúmerum, en fjöldi hólfa í vélinni var nánast sá sami og fjöldi póstnúmera. Einnig bættust við á þessu tímabili fleiri póststimplunarvélar hjá Póstinum, en allar bréfasendingar, þykkar eða í stórum umslögum fóru um þessar vélar, sem vigtuðu hvert bréf og töldu magn þeirra eftir þyngdarflokkum. Þannig sparaðist mikil handavinna hjá Póstinum og einfaldaði reikningagerð. Fram að efnahagshruninu 2008 var metsala í bankakortum, bankarnir kepptust hver við annan að bjóða viðskiptavinum sínum kort með heillandi útlit eða með sérstök fríðindi. Með stofnun Íslandspósts dró nokkuð úr sölu á frímerkingarvélum þar sem yfirstjórn þess vildi draga úr vægi þessara véla og leggja áherslu á að allur póstur yrði stimplaður af þeim og ekkert burðargjald kæmi fram á umslögunum. Fyrirtækið var ekki sátt við þetta og þar sem það var undir Íslandspósti komið að semja nýja reglugerð um leyfisveitingar nýrra frímerkjavéla, tókst ekki þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir að fá slíka reglugerð samda, stóð það við sinn keip sem þýddi að ekki var unnt að fylgja þróuninni sem hafði orðið með nýjum gerðum frímerkjavéla erlendis, rafrænni þróun til hægðarauka fyrir bæði notendur og póstyfirvöld, þá seldust ekki fleiri frímerkingavéla og í dag hefur notkun þeirra verið aflögð að fullu og ekki lengur tekið við vélfrímerktum pósti. Hér með var þessum kafla í póstsögunni lokið. Upp úr aldamótunum fór einnig að draga úr notkun offset vélanna, sala á



Pitney Bowes gerð Olympus bréfaflokkunarvél

rekstrarvöru fyrir þá minnkaði óðum en öflugar ljóssritunarvélar og hagkvæmar í notkun komu í staðinn, jafnvel í nokkrum prentsmiðjum voru þær teknar í notkun. Hins vegar hóst veruleg sala á Datacard plastkortaprenturum og rekstrarvörunni sem þeim fylgdi. Hafin var útgáfa á evrópska sjúkratryggingarskírteininu og seldi fyrirtækið bæði vélbúnað og sjálf kortin til þessa verks og selur enn í dag bæði kort og prentara þegar þeir þarfnast endurnýjunar. Árið 2007 var ný kortagerðarvél seld



Datacard MX6000 kortaútgáfuvél

Reiknistofu bankanna og leysti af hólmi lina sem hafði verið í notkun síðan árið 1993. Í kjölfarið hófst útgáfa bankakorta með örgjörva „smartkort“ eins og þau voru gjarnan nefnd og eru enn. Mikil

vinna lá að baki undirbúningi útgáfu þeirra, þ.m.t. upptaka hugbúnaðar, en allur slíkur var einnig keyptur af Datacard fyrirtækinu. Vikulegir símafundir voru með erlenda fyrirtækinu þar sem sérfræðingar hér, svo og framkvæmdastjóri þessa fyrirtækis tóku þátt. Varð þetta honum töluverður reynslubolti og jafnframt áhugavert að taka þátt í þessari þróun. Um það leyti sem efnahagshrunið brast á seldist enn ein umslagaísetningarvél til Reiknistofu bankanna og sú síðasta til þeirra en nokkrum árum síðar var ákveðið að útivista þessa vinnslu til annars félags, en umslagaísetningin hafði dregist verulega saman og þar að auki hafði Samkeppniseftirlitið gert alvarlega athugasemd við það að Reiknistofan viðhefði þessa vinnslu sem var talin á samkeppnissviði. Fór svo að þegar Reiknistofa bankanna var gerð að hlutafélagi var þessari vinnslu hætt. Kortaútgáfunni var hins vegar haldið áfram, þar sem mjög strangar öryggiskröfur um aðgengi að vinnslunni eru gerðar af hálfu Visa og Mastercard International, kröfur sem nánast ógerlegt er að framfylgja á þessum markaði, eins lítill og hann er í stóra samhenginu við erlenda markaði.

14. Kafli. Fyrsta eigið húsnæðið 2005.

Í framhaldi af áður nefndri aukinni hagvexti eftir aldamótin jókst hagsæld enn meira á Íslandi í kjölfar einkavæðingar bankanna og aukins lánsfjár á alþjóðamörkuðum en bankar hérlandis nýttu sér það til fulls og lánuðu þetta fé aftur til lykileigenda sinna og velunnara, með afdrifaríkum afleiðingum. Húsnæðisverð fór á mikið flug og þeir sem áttu eignir áður en einkavæddu bankarnir hófu að lána til fasteignakaupa nutu góðs af markaðshækkunum á eignum sínum og tóku margir lán út á þessar verðhækkanir og fjárfestu eða notuðu í einkaneyslu. Einnig var mikið um hlutabréfakaup almennings og voru bankarnir duglegir að selja innistæðueigendum sínum hugmyndina um að kaupa bréf í viðkomandi banka þar sem það væri örugg og arðbær fjárfesting. Annað kom auðvitað á daginn þegar bankarnir hrundu og margir töpuðu mikið af sparnaði sínum og lausafé, meðal annars eigendur félagsins. Á þessum tíma gekk fyrirtækið líka vel, stórar sölur höfðu gerst á tímabilinu og aukin umsvif með sölu á rekstrarvöru ollu því að húsnæðið sem félagið var í um þessar mundir og leigði af öðru félagi var eiginlega sprungið utan af sér. Af þessum ástæðum ræddu Birgir og Snorri um að útvega sér stærra húsnæði á þessum tíma, eða árið 2004, og fóru í að skoða ýmsa möguleika í þeim efnum. Ræddu þeir líka með hvaða hætti best væri að gera þetta en sögulega hafði félagið ávallt verið í leiguhúsnæði og taldi Birgir eðlilegt að halda því áfram. Snorri var hins vegar á því að nú væri kjörið tækifæri til að láta félagið fjárfesta í eigið atvinnuhúsnæði, enda færði hann rök fyrir þessu við föður sinn með að spyrja hversu mikið hafi um það bil verið eytt í húsaleigu í rúmlega 80 ára sögu félagsins. Sá Birgir auðvitað hvert sonur hans var að fara með þessu og var sammála að það væri skynsamlegt að fjárfesta í eigið húsnæði félagsins. Var því farið í að skoða markaðinn með atvinnuhúsnæði á jarðhæð í ákveðinni stærð og eftir að hafa skoðað nokkra kosti varð Skipholt 17 í Reykjavík fyrir valinu, en húsið hafði alveg frá upphafi verið byggt undir atvinnustarfsemi af margvíslegum toga. Félagið átti þá eitthvert fé í sjóði og notaði það til útborgunar á kaupsamningi en tók lán í banka fyrir eftirstöðvunum. Húsnæðið var að einhverju leyti tekið í gegn, innréttingum breytt að hluta, sett nýtt gólfefni á steininn, ný ljós í lofti og vinnuaðstaða starfsmanna bætt með nýjum innréttingum. 24. júní 2005 hóf fyrirtækið síðan reksturinn á nýjum stað og bauð viðskiptavinum og

öðrum velunnurum til opunarhátíðar. Um sömu mundir hóf eldri sonur Birgis, Ottó, að starfa hjá fyrirtækinu við ýmis konar skrifstofu- og lagerstörf, en hann er alnafni afa síns, stofnanda fyrirtækisins.



15. Kafli. Hrunið 2008.

Haustið 2008, nánar tiltekið í september, er tími sem mun seint gleymast, en þá varð eitt versta efnahagshrun í heiminum síðan um 1929. Undirmálslánamarkaðurinn í Bandaríkjunum hrundi og setti af stað margföldunaráhrif í öllum heimsálfum. Ísland fór ekki varhluta af þessum hörmungum, enda höfðu innlendu bankarnir, sem höfðu verið einkavæddir nokkrum árum fyrr, fjármagnað sig með sama lánsfénu og varð uppiskroppa á þessum tíma. Þeir gátu því ekki fjármagnað sig lengur og urðu að leita á náðir Seðlabanka Íslands, sem yfirtók þá í framhaldinu og hin frægu neyðarlög voru sett í landinu. Mikið af atvinnulífinu hérlandis var einnig fjármagnað með þessu lánsfé og lentu mörg fyrirtæki sem höfðu tekið mest af lánum frá bönkunum síðan undir eignarhald þeirra eða skilanefnda þeirra og voru mörg hver síðan rekin af þessum nýju eigendum sínum í samkeppni á markaði við önnur fyrirtæki, sem auðvitað var mjög ósanngjarnt og hefði strax átt að loka þeim fyrirtækjum sem verst voru sett og skulduðu mest á þessum tíma og leyfa þannig markaðnum að rétta sig af eðlilegan hátt. Þess í stað voru þau rekin með þessum hætti yfir erfiðasta hjallann, síðan skuldahreinsuð og seld og eru sum þessara fyrirtækja í dag jafnvel komin með alls konar vottanir á borð við „Fyrirmyndar fyrirtæki“ eða þess háttar. Skal ekki tíundað hér sögurnar sem spunnust út af gífulegri skuldasetningu fyrirtækja.

Fyrstu árin eftir hrun voru síðan ansi strembin, vegna þess að erfitt var að fá viðskiptavinum til að fjárfesta í tækjum þar sem þeir höfðu engan aðgang að fjármagni til að gera það. Einnig hafði íslenska krónan veikst verulega við hrunið og vöruverð því hækkað talsvert, enda þótt að innflutningsfyrirtæki, eins og OBA, lækkuðu verulega álagningu sína á þessum tíma í þeirri von um að ná frekari sölu í stað þess að velta veikingu



Röð OKI prentara og fjölnotatækja við 90 ára afmælið 2009.

krónunnar að fullu út í verðlagið, sem hefði hækkað vöruverð óhóflega mikið. Ýmsar mikilvægar sölur urðu þó til þess að halda lífi í fyrirtækinu, það tók að sér umboð fyrir OKI prentara og einnig fékk það Olivetti umboðið. Nokkur sala var í OKI prenturum, enda vörumerkið nokkuð þekkt frá fyrri tíð. Hins vegar reyndist Olivetti ekki jafn drjúgt og þegar upp var staðið, e.t.v. átti vörumerkið ekki upp á pallborðið hjá ísl. fyrirtækjum vegna langvarandi fjarveru á markaðnum. Ný kynslóð stimpilvéla fyrir póststimplun kom fram og kom í stað vélanna sem Pósturinn hafði byrjað að nota áratuginn áður. Minni- og miðlungsstórar gerðir umslagaísetningavéla seldust einnig nokkrar, svo að í heildina komst fyrirtækið



Pitney Bowes DM1000 stimpilvél



Pitney Bowes gerð DI600 umslagaísetningarvél

þokkalega vel frá hremmingum efnahagshrunsins, svo að þrátt fyrir það hefur félagið náð að haldast í eigu fjölskyldu stofnandans og einnig náð að halda húsnæðið í eigu félagsins, en það þykir merkilegt og sjaldgæft miðað við efnahagsástandið eftir hrunið.

16. Kafli. Byggingaframkvæmdir á efri hæðum

Skipholts 17 og deilan við Dróma/D fasteignafélag ehf.

Byggingafélag nokkurt eignaðist aðra og þriðju hæð hússins á árinu 2006 og falaðist reyndar eftir að kaupa einnig húsnæði fyrirtækisins, en það var alls ekki til sölu. Hugðist þetta byggingfélag breyta annarri og þriðju hæð hússins í íbúðir ásamt því að byggja fjórðu hæðina ofan á það, þannig að efstu íbúðirnar væru tveggja hæða. Til þess að byggingarleyfi fengist var nauðsynlegt að fram kæmi á teikningum vegna þessara fyrirhuguðu framkvæmda skilgreind rými fyrir hjóla – og vagnageymslu en þetta rými var ekki til í húsinu enda húsið byggt og notað sem atvinnuhúsnæði, eins og áður hefur komið fram. Leitaði forsvarsmaður byggingafélagsins eftir því við fyrirtækið að það myndi samþykkja að tiltekið rými í kjallaranum, sem er í séreign þess, yrði tímabundið skilgreint á nýjum teikningum sem hjóla- og vagnageymsla og tæknirými í sameign. Sem greiðslu fyrir þetta fyrirkomulag ætlaði byggingafélagið að afhenda fyrirtækinu helming af nýju rými í kjallara sem verða átti til með því að það hugðist grafa hluta kjallarans út, en þessi hluti var klöpp sem helmingur jarðhæðar hafði verið byggður á. Féllst fyrirtækið á þetta með þeim fyrirvara að ef ekkert yrði af útgreftri kjallarans félli samþykki þess á framangreindri ráðstöfun niður og einnig samþykki þess á uppdráttum enda væri þá ljóst að greiðsla byggingafélagsins yrði ekki innt af hendi samkvæmt samkomulagi aðila.

Byggingafélagið og félagið gerðu með sér skriflegan samning um mitt ár 2006 um þessa aðgerð. Síðar í samkomulaginu kemur fram að fyrirtækið setji þann fyrirvara að verði ekkert af fyrirhuguðum útgreftri hluta kjallarans falli samningurinn niður og þá jafnframt samþykki þess á teikningunum, þ.e. að láta séreign sína af hendi undir sameiginlega hjóla – og vagnageymslu og tæknirými. Skyldi byggingafélagið þá jafnframt leita nýrra leiða til að uppfylla kröfur Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Í tengslum við gerð nýrra eignaskiptalýsingar fyrir Skipholt 17 sem byggði á hinum nýju teikningum og aðilar undirrituðu í apríl 2007 gerðu OBA og byggingafélagið viðauka við ofangreindan samning sama mánuð þar sem fram kemur að hin nýja eignaskiptayfirlýsing öðlist ekki endanlegt gildi milli aðila heldur sé samningurinn frá júní 2006 og viðaukinn við hann það sem gildir „í okkar samskiptum/viðskiptum vegna framkvæmdanna í Skipholti 17 í Reykjavík“

þar til skilyrði samkomulagsins eru uppfyllt og þá taki ákvæði eignaskiptalýsingarinnar við milli aðila. Eignaskiptayfirlýsingin ásamt samningnum frá júní 2006 og framangreindum viðauka voru síðan færð til þinglýsingar síðar í apríl 2007 og þinglýst athugasemdalaust á allt húsið en ekki sérstaklega á eignarhluta sóknaraðila. Í framhaldi af gerð þessa samnings og að fengnu byggingaleyfi Byggingarfulltrúans í Reykjavík hófust framkvæmdir í húsinu. Byggingafélagið hafði lofað öllu fögru um framkvæmdina, myndi sjá til þess að sem minnst röskun yrði á starfsemi OBA og lofaði meira að segja að endurnýja skilti fyrirtækisins utan á húsinu en það hafði skemmst þegar stillastar voru reistir utan á framhlið hússins og fullyrtu að það yrði komið á sinn stað eftir þrjá mánuði og stillastarnir horfnir en það reyndist öðru nær. Má fullyrða að fyrirtækið hafi næstum verið ósýnilegt frá götusjónarmið í upp undir tvö ár, auk þess sem húsið lék oft á reiðiskjálfi eða þá að húsnæði þess varð fyrir endurteknum skemmdum ýmist vegna vatnsleka eða vegna múrbrots gegnum loftplötu.

Eftir að ljóst var að ekki var unnt að grafa út kjallarann reyndi byggingaraðilinn að fá OBA til hafa skipti á öðru atvinnuhúsnæði svo að ekki yrði rof á samningum, en til allrar hamingju beit fyrirtækið ekki á agnið enda var séð að það væri hið sama að fara úr öskunni í eldinn. Fól það lögmanni að annast málið fyrir það til að fá framangreindan samning og viðaukann við hann ógildan þar sem ekki hefði verið staðið við ákvæði hans. Samningurinn væri því fallinn úr gildi og samþykki OBA á framan-greindum teikningum væri afturkallað. Lögmaður OBA sendi jafnframt Byggingafulltrúanum í Reykjavík bréf í október 2008, þar sem honum var tilkynnt að félagið afturkalli samþykki sitt á teikningum vegna framkvæmda við Skipholt 17 í Reykjavík og af því leiði að aflýsa þurfi hinum nýja eignaskiptasamningi, sem endurspeglar breytingar sem ekki munu ganga eftir og að endurþinglýsa þurfi fyrri eignaskiptasamningi. Byggingafulltrúinn féllst hins vegar ekki á afturköllun byggingaleyfisins þar sem framkvæmdir væru þegar hafnar.

Byggingafélagið lenti í rekstrarerfiðleikum og fór það svo að eignarhlutar á efstu hæðum hússins við Skipholt 17 í Reykjavík, voru seldir nauðungarsölu í júlí 2009. Við uppboðið mætti lögmaður félagsins og er bókuð eftir honum yfirlýsing um að uppboðskaupanda væri kunnugt að lokaúttekt hefði ekki farið fram á hinum seldu eignum, að þinglýstur eignaskiptasamningur

væri ekki réttur þar sem samningur félagsins við byggingafélagið hefði ekki gengið eftir og það hefði verið niðurstaða matsmanns sem félagið fékk dómskvaddan skv. fjöleignarhúsalögum að framkvæmdir hafi ekki verið í samræmi við samþykktar teikningar og að eignaskiptayfirlýsingin væri röng. Kaupandi á uppboðinu var Frjálsi fjárfestingarbankinn hf (SPRON) sem fór síðan í slitameðferð og stofnaði skilanefndin Dróma ehf til að annast allar eignir hennar. Gefin voru út nauðungarsöluafsöl fyrir hinum seldu eignum í desember 2009. Í nauðungarsöluafsölunum er tekið fram að eigninni er afsalað „til Dróma ehf með öllum sama rétti og fyrri eigandi átti“, en þar með tók Drómi við byggingaframkvæmdum.

Það myndi æra óstöðugan að lýsa öllum samskiptunum við forsvarsmenn Dróma ehf, „bestu vinir skuldugra húseigenda á þessum árum eftir hrunið“, það væri kafli í sérstaka bók, sem e.t.v. á eftir að rita, en í nokkrum orðum þá hundsúðu þeir algjörlega hagsmuni félagsins, sem stóð í stöðugu stríði við þá og ekki bætti úr skák, að starfsfólk Byggingarfulltrúans í Reykjavík lét blekkjast af innihaldslausum loforðum um bót og betrun, uns að ráði varð með samþykki Borgarráðs að beita dagsektum á Dróma þar sem skilyrðum lokaúttekar á byggingar-framkvæmdum hafði ekki verið fullnægt. Byggingarfulltrúin lét hins vegar blekkjast enn aftur og beitti ekki dagsektunum fyrr en ári síðar og fól innheimtustofnun að innheimta þær. Brugðust forsvarsmenn Dróma hinir verstu við og sögðu félagið myndu lenda á vanskilaskrá hjá Lánstrausti (Creditinfo) ef dagsektunum yrði haldið til streitu svo að Byggingarfulltrúinn lét undan gegn fagurmælum og frestaði innheimtuaðgerðum uns hætt var endanlega við innheimtu þeirra nokkrum árum síðar án þess að skilyrðum lokaúttektar hafði verið fullnægt.

Nú leið tíminn og beið, ekkert gerðist og þar sem lokaúttektin varðaði hagsmuni félagsins var ítrekað beint spjótum að embætti byggingarfulltrúans. Drómi stofnaði félag, D fasteignafélag ehf, sem tók við eignum þess en ekkert breyttist nema að það reyndi að fá þinglýstu samninganna, sem gerðir höfðu verið 2007 ógilda fyrir dómi, fyrst fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, sem féllst ekki á kröfuna, og síðan Hæstarétt Íslands, sem staðfesti ákvörðun Héraðsdómsins, og enn leið tíminn án nokkurra sátta eða framkvæmda. Félagið vildi að sjálfsögðu fá útlagðan kostnað sinn greiddan, matskostnað, lögmannskostnað o.fl., en D fasteignafélag ehf hafði engan

áhuga á samningum og voru fasteignirnar á þriðju/fjórðu hæð hússins settar í sölumeðferð hjá fasteignasölu, en upphaflegur byggingaaðili hafði á sínum tíma gert samning við Brynju, húsfélag Öryrkjabandalagsins um sölu á íbúðunum sem voru byggðar á annarri hæð hússins. Nýtt fjárfestingarfélag keyptu íbúðir efstu hæðanna og áttu um leið að yfirtaka byggingaframkvæmdir. Kaupendurnir fóru smám saman að sjá sig um hönd og áttuðu sig á að án lokaúttektar á framkvæmdum stæðu þeir frammi fyrir vandamáli, sem væri fólgið í því að íbúðirnar sem eru núna í útleigu, væru ekki auðveld sala ef á þyrfti að halda að selja þær meðan þinglýstar kvaðir væru enn á þeim Var því gengið hægt og bítandi til samninga og þeir loksins samþykktir og undirritaðir af beggja hálfu rétt fyrir síðustu jól 2018 og var fallist á að greiða útlagðan kostnað félagsins en án miska fyrir röskun og óbeint tjón þess.



Aðgengi að sýningargluggum heft með stillasta



Bráðabirgðaskilti með nafni fyrirtækisins, sést varla frá gangstétt vegna stillastana

17. Kafli. Núverandi áratugur og framtíðarhorfur.

Ný kynslóð plastkortaprentara leit dagsins ljós hjá Datacard í upphafi áratugarins og hefur selst drjúgt síðan þá. Gamla bréfaflokkunarvélin hjá Íslandspósti var komin til ára sinna og uppfyllti ekki lengur væntingar sem gerðar voru til vinnslu bréfa og fór fram útboð vegna kaupa á nýrri vél. Var það gert eftir kröfu samkeppnisaðila, sem sá fram á að Pósturinn myndi halda sig við sama vörumerki og áður vegna góðrar reynslu sinnar af bæði vél og þjónustu OBA. Gert var forvalsútboð þar sem fáeinir framleiðendur voru valdir til að gera endanlegt tilboð. Þegar upp var staðið kom aðeins tilboð frá tveimur framleiðendum og var Pitney Bowes framleiðandi gömlu vélarinnar með hagstæðara tilboð en hinn keppinauturinn, en sá sem krafðist að ferlið færi í útboðsmeðferð skilaði sínu tilboði eftir að tilboðsfrestur var útrunninn og kom því ekki til greina. Þessi vél er mjög fullkominn, getur flokkað allt að 42 þúsund bréf á klst., yfirstimplar bréfin með dagsetningu og flokkunarnúmeri, les að einhverju leyti handskrifuð heimilisföng og meira mætti nefna. OBA sér um megineftirlit vélarinnar með þjónustusamningi við Póstinn. Fyrirtækið fékk umboð fyrir



Pétur tæknimaður frá OBA og Dave tæknimaður frá Pitney Bowes yfirfara stillingar á Vantage bréfaflokkunarvélinni

framleiðanda rafrænna stimpil-klukkna, mjög frambærilegar að gerð og með ýmsa vinnsluþætti, sem ekki hafði áður verið í boði áður. Sala þessara tækja hefur tekið með ágætum, enda er þau frönsk að uppruna og fullnægja allra



Bodet Software stimpilklukkubúnaður

evrópska staðla, og í framhaldinu fór fyrirtækið einnig að selja klukkustýringa- og bjölluhringingarbúnað frá systurfyrirtæki þessa franska fyrirtækis, sem bæði bera vörumerkið BODET og á það sér mun lengri sögu en okkar hundruð ár.

Það er ljóst af framangreindu að fyrirtækið hefði ekki náð þessum aldri sem raun ber vitni nema með því sífellt að leita á ný mið en jafnframt að nota áfram þau umboð sem skapað hafa

kjölfestuna gegnum áratugin. Mörg umboð hafa glatast eða hreinlega glatast vegna samruna við önnur fyrirtæki, sum hafa lagt upp laupana, þ.e. eftirspurn eftir framleiðslu þeirra var ekki lengur fyrir hendi og lengi má telja. Væntanlega hafa einhver umboð tapast vegna ágreinings eða vegna þess að ekki hafi verið unnið nógu vel í sölumálum fyrir þau. Það eru alls konar skýringar, en einmitt þess vegna er nauðsynlegt að líta til framtíðarinnar, finna eitthvað sem liggur handan sjóndeildarhringsins. Enginn sér nákvæmlega fyrir hvað selst best á næstu ár eða áratugi og stundum er eftirspurn eftir einhverju sem talið var úrelt og myndi ekki seljast lengur. Ekki var órað fyrir sl. sumar að á sex mánaða tímabili myndu seljast umslagaísetningarvélar fyrir sitt hvora ríkisstofnunina. Fjármálaráðherra verður væntanlega að endurskoða áform sín um að árið 2020 munu allur póstur ráðuneytanna vera rafrænn, ætla má að það muni taka lengri tíma að ná þessum markmiðum. En einmitt vegna þessarar rafrænu þróunnar, sem reyndar er löngu hafin, þarf að skoða framtíðina í þessu tilliti. Fyrirtækið verður vonandi í stakk búið til að feta sporin inn í hana.

18. Kafli. Niðurlag.

Það er ekki sjálfgefið að félög nái þeim aldri sem OBA hefur náð og að þau haldist í eigu sömu fjölskyldu allan þennan tíma, en eitt af því sem hefur valdið þessu er þrautsegja þeirra sem bæði hófu rekstur þess og hafa haldið honum áfram, bæði í með- og mótbyr, því að svo sannarlega hafa skipst á skin og skúrir í hundrað ára sögu þess. E.t.v. má þakka aldrinum sem náðst hefur vegna þess að félagið hefur ávallt verið frekar smátt í sniðum, en leitast við að veita góða þjónustu, bæði tæknilega og með góðri þekkingu á þeim vörum eða búnaði sem er verið að selja hverju sinni. Þegar kvartað var einu sinni við fulltrúa erlends félags, að vélar frá þeim væri einnig seldar af öðru fyrirtæki hérlandis var svar hans á þá leið. „Þið þekkið vöruna og getið leiðbeint ítarlega um notkun hennar og eiginleika, en hitt félagið veitir enga slíka þjónustu. Þegar kaupandinn kemst að þessu mun hann ávallt leita til ykkar og kaupa vöruna hjá ykkur“. Þetta er hugsanlega ein meginástæða þess að félagið hefur lifað svona lengi.

Eitt af því sem hefur verið félaginu til happs er að hafa haft á að skipa góðu starfsfólki í gegnum tíðina og starfar fólk að öllu jöfnu lengi hjá félaginu og er því afar lítil starfsmannavelta hjá því. Þetta starfsfólk hefur verið ómissandi í starfi félagsins á þessum 100 árum og mun eflaust halda því áfram um ókomna tíð.

Í þessum skrifum hefur verið stiklað á stóru í hundrað ára sögu félagsins, samt í nokkrum tilvikum helst til nokkuð nákvæmlega. Margt hefur látið vera ósagt sem e.t.v. hefði átt að segjast, en ef þú, lesandi góður, hefur haft ánægju af þessum lestri og fræðst betur um fyrirtækið meira heldur en þú þegar hafði vitneskju um, þá er tilganginum náð.

Núverandi starfsmenn fyrirtækisins:



Birgir Arnar



Snorri B. Arnar



Davíð V. Arnalds



Pétur Á. Óskarsson,
starfar sem verktaki